

Heiðmörk RATLEIKUR



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Unnið í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur

Þakkir:
Félag Norðmanna á Íslandi (Torgeirsstaðir)

Þakkir:
Þeir sem prófuðu ratleikinn á vinnslustigi



Tímalengd: Tvær til þrjár klst.



Gefið út af Ferðafélagi Íslands

Reykjavík 2012
Endurprentun 2018



RATLEIKUR í Heiðmörk

fyrir börn, unglinga og fullorðna

Hægt er að hefja ratleikinn hvenær sem er, einn þátttakandi eða fleiri. Ekki er um kapphlaup að ræða, heldur reynir á ratvísi, hugmyndaflug, skynjun og styrk þátttakenda. Lesa þarf í skýjafar, vindátt, plöntu- og trjategundir, sólúr og sögulegan fróðleik ásamt því að leggjast í hengirúm.

Ekið Rauðhólamegin inn í Heiðmörk, alltaf beint áfram (framhá Furulundi) þar til komið er að bílastæði við skilti Ferðafélags Íslands. Þar í grennd er póstkassi þar sem nálgast má eintak af ratleikum ásamt korti og skila lausnum á sama stað. Einnig má nálgast eintak á skrifstofu og heimasíðu Ferðafélags Íslands og Ferðafélags barnanna á fi.is og allrut.is.

- Takið með ykkur penna, lesgleraugu og nesti!
- Skiljið hvernig eftir rusl • Áttaviti ekki nauðsynlegur
- Dregið úr réttum lausnum • Veglegir vinningar frá Ferðafélagi Íslands og Fjallakofanum.

Þátttaka ókeypis

Höfundur: Björk Sigurðardóttir kennari í Ísaksskóla



Mælikvarði 1 : 7500 1 cm = 75 m
Hæðarlínur 5 m
Kortagerð: Gísli Örn Bragason, Jan G. Buvik
Copyright: Rathlaupsfélagið Hekla

Stöð (Póstur) X
Ratleikur upphaf og endir (Póstkassi) X
Hnit: N 64° 04.016' V 21° 43.582'

Nafn/Nöfn: _____

Sími: _____ Netfang: _____

1 Ferðafélag Íslands

Árið 1950 var Ferðafélagi Íslands úthlutað spildu til skógræktar hér á þessum stað. Ferðafélagið hefur unnið ótöllega að uppbyggingu svæðisins allar götur síðan.

Frá göngustígnum sést minnisvarði sem staðsettur er við hraunjaðar Húsfellsbruna.



Til minningar um hvern? Svar: _____

2 Göngubrú

Upphækaður stigur og handrið. Svæðið hér í kring heitir Skógarhlíðarkriki.



Hvað viltu láta þessa „göngubrú“ heita?

Indriði Handakriki Indriðakriki Annað: _____

3 Mannanöfn

Eftirfarandi nöfn á trjám eru einnig til sem nöfn á fólki.



Krossaðu við þau mannanöfn sem þú hefur heyrt:

Víðir Hlynur Reynir Askur Ösp Björk Þöll Eik Lind Ýr

4 Þrír bautasteinar

Örmjór göngustigur liggur að þremur bautasteinum. **Finndu þá alla. Einn þeirra reistu skógræktarmenn og hestamenn** til minningar um Einar G. E. Sæmundsen, skógræktarfrömuð.



Hvaða ár var það? Svar: _____

5 Hvíldarbekkur

Finndu hvíldarbekk. Hér er tilvalið að hvíla lúin bein. **Lokaðu augunum og hlustaðu eftir hljóðum úr náttúrunni.**



Hvað heyrir þú?

Fuglasöng Hljóð í vindi Suð í flugu Ekkert

6 Jarðhýsi

Finndu jarðhýsi, þér er óhætt að kíkja þangað inn!



7 Hengirúm

Finndu hengirúm og prófaðu að leggjast!



8 Virki

Hvað komast margir fyrir inni í þessu virki?

Aðeins ein manneskja U.þ.b. 10 manns 100 manns



9 Eyktamörk

Eykt er heiti á tímalengd sem er einn áttundi hluti sólarhringsins, eða því sem næst þrjár klukkustundir hver.

Eyktamörk eru þegar ein eykt endar og sú næsta byrjar.

Einnig voru kennileiti í umhverfinu kölluð eyktamörk, t.d. hlaðin varða sem sólina bar í séð frá ákveðnum bæ á tilteknum tíma.



Sólúr þetta hannaði Sigurður Jónsson

Hér er sólúr með hinum fornu heitum eyktamarkanna.

Skrifaðu niður heiti þeirra:

10 Lerki

Við þessi gatnamót standa ýmsar tegundir af barrtrjám. Lerkitré eru einu barrtrén sem fella barrið á haustin.



Þreifaðu á mismunandi barri og finndu hvernig barr lerkis sker sig úr.

Barnnár lerkisins eru: Stingandi Mjúkar Engar barnnár þessa stundina

11 Rjúpa

Rjúpan er eini villti hænsnfuglinn á Íslandi. Karlfuglinn gefur frá sér rophljóð í tilhugalífni, en hljóð kvenfuglsins líkist gelti eða mjálmi.



Hvað kallast karlfuglinn?

Starri Karri Manni Rjúplingur

12 Gulmaðra

Blómgast í júní – júlí. Áður fyrr var þessi litla planta notuð við þreytu og kölluð ólúagras.



Rót hennar má nota til að lita:

Rautt Gult Blátt

13 Þrautabraut

Finndu þrautabraut.



Hér máttu gjarnan leika þér að klofa á milli trjástofna!

14 1950

Finndu minnisvarða úr steini. Þar segir frá grenitrénu sem þáverandi borgarstjóri gróðursetti við vígslu Heiðmerkur árið 1950. Þegar þú lest áletrunina er þetta myndarlega **grenitré** þér á hægri hönd og **furutré** beint fyrir aftan minnisvarðann.



Hvaða trjátegund er Á MILLI ÞEIRRA TVEGGJA? Ösp Birki Eik Reynir

15 Borgarstjóratré

Árið 2010 gróðursetti Jón Gnarr þáverandi borgarstjóri trjáplöntu á þessum stað. Tréð er hið eina sinnar tegundar á þessu svæði.

Finndu rauðan hæl. Tréð nefnist:

Jónstré Gnarrismi Garðahlynur Fura Gullregn



16 Loðvíðir

Hvað kallast blóm (reklar) loðvíðis?

Víðiblóm Víðiketlingar Víðipöddur Víðibursti



17 Útskurðarlist

Óhætt er að klífra upp á listaverkin.

Finndu útskurðarlistaverk og gefðu þeim nöfn:



18 Eski

Áður fyrr var plantan notuð til þess að fægja potta og pönnur.

Inn á milli trjáanna sérðu eskigras. Leggðu útlit þess á minnið og taktu eftir hvort þú sjáir það víðar í Heiðmörk.



19 Fyrstu trén

Áratugum saman hafa unglingar í Vinnuskóla Reykjavíkur unnið að gróðursetningu og stígagerð víðast hvar í Heiðmörk.

Fyrsta gróðursetning í Heiðmörk fór fram á þessum stað árið 1949. Hvað heitir staðurinn?

Svar: _____



20 Afraunadrumbur

Áður fyrr voru menn ekki ráðnir á bát nema þeir gætu lyft ákveðinni þyngd. Á Djúpalónssandi á Snæfellsnesi reyndu menn við fjóra afraunasteina og hafði sérhver steinn ákveðið heiti. Hér fáum við minni þyngsli.

Hversu þungum drumbi getur þú eða þið lyft?

Fullsterkur (sá þyngsti) Hálfsterkur Hálfdrættingur Amlóði (sá léttasti)



21 Ský

Horfðu til himins.

Hvað á við í dag?

Heiðskirt Kósigar

Mariútasa

Bólstraský

Flákaský

Annað: _____

22 Vindhani

Finndu rauðan hæl sem sést frá göngustígnum.

Lítu í kringum þig. Finndu hús með strompi og grasþaki.

Bannað að klífra upp á þak. Vindhani sýnir hvaðan vindur blæs.

Það telst vera norðanátt ef haninn horfir í norður o.s.frv., nema um logn sé að ræða.

Hvaða vindátt er í dag? Logn Norðanátt Norðaustanátt Austanátt Suðaustanátt Sunnanátt Suðvestanátt Vestanátt Norðvestanátt

